

Ytra mat leikskóla Heilsuleikskólinn Kæribær Kirkjubæjarklaustri

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-73-2

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Heilsuleikskólinn Kæríbær	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn.	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	8
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	9
Stjórnskipulag og skipurit.	9
Námskrá og áætlanir	10
Fagleg forysta	10
Stjórnun og starfsmenn	10
Skólabragur og samskipti.	11
Starfsandi og starfsánægja	11
Uppeldis- og menntastarf	12
Námsaðstæður	12
Starfshættir	12
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna.	12
Námssvið	13
Velferð og líðan barna	13
Mat á námi og velferð barna	13
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	14
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	14
Viðhorf foreldra	14
Samstarf við grunnskóla	15
Annað samstarf	15
Skóli án aðgreiningar	15
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	15
Börn með annað móðurmál en íslensku.	16
Innra mat	16
Skipulag og viðfangsefni	16
Gagnaöflun og vinnubrögð	17
Opinber birting og umbætur	17
Matsþættir	18
Samantekt.	19
Lokaorð	21
Heimildir.	22

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leiksskólinn og umhverfi hans

Leiksskólinn er Heilsuleiksskóli og Skóli á grænni grein og einkunnarorð leiksskólans eru: Okkar nám er leikur. Þessar áherslur endurspeglast vel í starfinu með börnunum. Leiksvæði þeirra er rúmlegt og bjart en aðstöðu starfsmanna er ábótavant og mætti skoða möguleika á endurskipulagningu húsnæðisins til að bæta úr því. Hljóðvist í leiksskólanum er góð. Útileiksvæði skólans er stórt og gefur fjölbreytta möguleika en auka mætti öryggi barnanna á svæðinu með því að girða af framhlið hússins. Einn starfsmaður er með réttindi leiksskólakennara og æskilegt væri að reyna að bæta þá stöðu.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Stjórnun leiksskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Góður starfsandi er í leiksskólanum og starfsmenn eru ánægðir með þau verkefni sem þeim er falið að vinna og telja að þeir geti nýtt hæfileika sína og þekkingu. Ákvarðanatöku vegna uppeldisstarfs og rekstrar er í höndum leiksskólustjóra og deildarstjóra og mætti skoða aðkomu annarra starfsmanna að ákvarðanatöku. Skólanámskrá þarfnast endurskoðunar með aðkomu starfsmanna, foreldra og barna. Ekki er til skipurit fyrir leiksskólann og væri æskilegt að bæta úr því. Í leiksskólanum er gerð símenntunaráætlun sem miðast við þarfir leiksskólans og fræðslutilboð sem í boði eru. Foreldraráð er kosið að hausti eins og lög gera ráð fyrir. Starfsandi leiksskólans er jákvæður og einkennist af trausti milli starfsfólks. Mikilvægt er að viðhalda þessu trausti og jákvæðum samskiptum innan starfshópsins. Leiksskólinn gefur út starfsáætlun sem er sýnileg á heimasíðu.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börn einkennist af umhyggju og virðingu. Starfsmenn eru alltaf til staðar sem þátttakendur í leik barnanna. Mikil áhersla er lögð á að efla sjálfstæði barnanna og sjálfsbjargarviðleitni og leitast er við að styrkja lýðræði í gegnum vinnu með Grænfánann. Skipulega er fylgst með námi og þroska barnanna með viðurkenndum aðferðum. Umgengni um leikföng og bækur leiksskólans er góð og starfsfólk og börn eru sátt við efnivið leiksskólans. Sýnilegt er að börnum í leiksskólanum líður vel og samskiptin eru góð. Auka ætti þátt skapandi starfs í leiksskólanum og bæta aðgengi barna að efniviði. Leggja þarf meiri áherslu á vinnu með ritmál með meiri sýnileika og verkefnum. Einnig mætti leggja aukna áherslu á lestur og söng. Öll börn leiksskólans fara í hvíld saman og er mikilvægt að skoða það skipulag með tilliti til elstu barnanna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrar eru ánægðir með líðan barna í leiksskólanum og innra starf hans. Leiksskólinn nýtir niðurstöður úr foreldrakönnunum til að bæta leiksskólastarfið en skoða þarf hvernig bæta megi upplýsingagjöf til foreldra. Leiksskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann en gera ætti skriflegan samning um

Þá samvinnu. Leikskólinn er einnig í góðu samstarfi við tónlistarskólann og stofnanir og fyrirtæki á staðnum. Umhverfi leikskólans er vel nýtt til fræðslu og skemmtunar. Foreldraráð er starfandi við leikskólann en mikilvægt er að leikskólinn og foreldrar kynni sér starfsreglur foreldraráðs og hlutverk, setji niður verklagsreglur og geri sýnilegar á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Leikskólinn notar viðurkenndar aðferðir til að fylgjast með framförum barna. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir stuðnings- og sérkennslubörn og skipað teymi í kringum þau. Leikskólinn hefur ekki stefnu í stuðnings – og sérkennslumálum og er æskilegt að setja hana auk verkferla um framkvæmd hennar.

Innra mat

Í leikskólanum koma starfsmenn, börn og foreldrar að mati á starfi leikskólans og notuð eru viðurkennd matstæki við mat á starfsháttum. Ekki er metinn árangur af umbótum í kjölfar innra mats og er æskilegt að bæta úr því og einnig er mikilvægt að styrkja þekkingu starfsmanna við innra mat og fjölga þar leiðum.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Heilsuleiksskólanum Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri í Skaftárhreppi. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 31. ágúst, 1. og 2. september 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir; leiksskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

- að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leiksskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra um miðjan ágúst 2015 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leiksskólann og tóku rýnivíðtal við alla starfsmenn nema skólastjóra þann 31. ágúst 2015. Síðan tóku við vettvangsathuganir á leiksskólanum. Haldnir voru fundir með starfsmönnum, börnum og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum foreldra voru valdir með slembiúrtaki. Einstaklingsvíðtal var við leikskólastjóra. Haft var samband við formann fræðslunefndar Skaftárhrepps.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Skólaheimsóknin stóð yfir í tvo daga, í byrjun september 2015. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á skólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af skólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Heilsuleikskólinn Kæríbær

Leikskólinn Kæríbær er einnar deildar leikskóli sem stendur við Skaftárvelli á Kirkjubæjarklaustri. Hann tók til starfa 1. október 1988 en þá var það húsnæði sem leikskólinn er nú starfræktur í formlega tekið í notkun. Fram að þeim tíma frá hausti 1971 var dagheimili starfrækt yfir vetrarmánuðina á hinum ýmsu stöðum á Kirkjubæjarklaustri. Leikskólinn er fyrir börn frá eins árs til fimm ára og eru 14 börn við skólann. Börnum er skipt í yngri og eldri hópa í ýmsum athöfnum. Þrjú börn njóta sérkennslu og eitt barn á annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn fær sendan mat úr mótuneyti grunnskólans.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfar leikskólastjóri, deildarstjóri, tveir leiðbeinendur samtals 3,70% stöðugildi og einn starfsmaður í ræstingu. Einn karlmaður er við störf við skólann. Hlutfall menntaðra leikskólakennara er 25%. Leikskólastjórinn er nýtekinn við en var áður deildarstjóri.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁴ Í leikskólanum eru tvær leikstofur, þar sem önnur býður upp á hreyfileiki, og tvö minni herbergi, auk þess er opið rými fyrir framan eldhús notað sem leiksvæði. Fataklefi, salernisaðstaða, móttökueldhús og skrifstofa leikskólastjóra eru í leikskólanum en ekki aðstaða fyrir undirbúning starfsfólks eða hvíldaraðstaða. Í leikskólanum er ekki aðstaða fyrir minni fundi eða sérkennslu. Hljóðvist og birta í húsinu er góð.

Útileiksvæði

Útileiksvæði í Kærabæjar er stórt og býður upp á ýmsar áskoranir. Stór grasflöt, sandkassi, hjólabraut, tré, runnar og matjurtagarður er á leiksvæðinu. Lagfæringar standa yfir, meðal annars er verið að skipta út leiktækjum og lagfæra gróin svæði. Leiksvæðið liggur að öllum hliðum leikskólans og skapar það þörf fyrir mikla yfirsýn af hálfu starfsmanna.

³ Sjá nánar í lok skýrslunnar.

⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Hugmyndafræði og áherslur

Einkunnarorð leikskólans Kærabæjar eru: Okkar nám er leikur. Í hugmyndafræði leikskólans er lítið til hugmyndafræði John Dewey, Howard Gardner og Daniel Goleman. Leikskólinn er Skóli á grænni grein frá árinu 2008 og Heilsuleikskóli frá árinu 2010. Í námskrá leikskólans segir að gengið sé út frá að barnið sé alltaf í brennidepli, það sé virkt í þekkingarleit sinni og læri að beita rökhugsun. Einnig er í námskránni lögð áhersla á að barnið læri að þekkja eigið sjálf og þróa með sér jákvæða sjálfsmynd og læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum.⁵ Að sögn leikskólastjóra er hugmyndafræði leikskólans „dálítið bland í poka“ og blandað sé saman áherslum Heilsuskólans og Grænfánaverkefnisins. Í viðtali við starfsmenn kom fram að þeir muna ekki einkunnar orð leikskólans en segja að leikskólinn sé Heilsuleikskóli og Grænfánaleikskóli. Mikið sé unnið með „grænt starf“, börnin séu mikið úti og læri þar um náttúruna.⁶ Í leikskólanum er unnið með ART (e. Aggression Replacement Training) með tveim elstu árgöngunum.

Styrkleikar

- Stefna og gildi skólans endurspeglast vel í starfinu með börnunum.
- Útileiksvæði gefur möguleika á fjölbreyttum leikjum og athöfnum.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Skoða ætti hvort hægt er að breyta skipulagi á nýtingu húsnæðisins.
- Æskilegt væri að girða af útileiksvæðið við framhlið leikskólans til að auka öryggi barna á leiksvæðinu.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili leikskólans Kærabæjar er Skaftárhreppur í Vestur Skaftafellssýslu. Sveitarfélagið tekur þátt í rekstri félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sem starfar samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaráð grunnskóla.⁷ Sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur rekstrarlegt eftirlit með skólum sveitarfélagsins en skrifstofa félags- og skólaþjónustu hefur faglegt eftirlit. Ekki er til skipurit fyrir leikskólann eða starfslýsingar fyrir starfsfólk. Leikskólinn skilar ekki ársskýrslu þar sem þess er ekki krafist af sveitarfélaginu. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslunefnd sem skipuð er fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Eftirlit með starfsemi leikskólans er í höndum fræðslunefndar sem á að fara yfir starfsáætlanir leikskólans. Skólastjórnendur og fulltrúar foreldra í Skaftárhreppi eiga setu á fundum fræðslunefndar með málfrælsi og tillögurétt. Í viðtali við formann fræðslunefndar kom fram að lítið hafi reynt á samstarf við núverandi leikskólastjóra þar sem hann hefur ekki verið lengi í starfi leikskólastjóra. Formaður hefur hvatt leikskólastjóra að leita stuðnings hjá fræðslunefnd.⁸

⁵ Skólanámskrá Kærabæjar.

⁶ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁷ Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.

⁸ Viðtal við formann fræðslunefndar.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans Kærabæjar er frá árinu 2012 og var unnin af þáverandi leikskólastjóra og deildarstjóra (núverandi skólastjóra) án aðkomu starfsmanna, foreldra og barna. Uppfyllir hún að mestu þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Samþætting grunnþátta leikskólastarfsins við leikskólastarfið mætti koma betur fram í skólanámskránni og setja ætti fram einfaldari og skýrari hugmyndafræði. Fjallað er um innra mat leikskólans og samstarf leikskóla og grunnskóla í skólanámskrá en ekki er fjallað um samstarf við aðrar stofnanir eða fyrirtæki samfélagsins. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Leikskólinn hefur skilað starfsáætlun fyrir skólaárið 2015-2016 og í henni er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Leikskólastjóri og deildarstjóri sáu um gerð starfsáætlunar án aðkomu starfsmanna, foreldra og barna. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu leikskólans.

Fagleg forysta

Stjórnun skólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og viðurkennda starfshætti. Stjórnunarhlutfall leikskólastjóra er 25% og ekki er starfandi aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann. Deildarstjóri leikskólans er staðgengill leikskólastjóra. Ákvarðanatataka varðandi faglegt starf og rekstur leikskólans er í höndum leikskólastjóra og starfsmenn koma ekki að því að öðru leyti en því að þeir eru óformlega spurðir álits og geta komið hugmyndum sínum á framfæri. Fram kom í rýnihópi starfsmanna að þeir eru sáttir við aðkomu sína að stjórnun og stefnumótun.⁹

Stjórnun og starfsmenn

Leikskólastjóri leggur áherslu á mikilvægi góðs samstarfs allra í leikskólanum. Að mati starfsmanna er gott aðgengi að leikskólastjóra og þeir hafi tækifæri til að nýta hæfileika sína og sérþekkingu í starfi.¹⁰ Starfsmannafundir eru fjórum sinnum á ári og starfsdagar eru fimm. Starfsmannahandbók er í leikskólanum og starfsmenn fara árlega í starfsmannasamtöl. Leikskólinn hefur eineltisáætlun þar sem fram koma markmið og áætlun um viðbrögð.¹¹

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri fundar ekki reglulega með ráðinu og fulltrúar þess eru óvissir um hvert hlutverk ráðsins er.¹² Í lögum um leikskóla segir um kosningu og hlutverk foreldraráðs.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.¹³

⁹ Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

¹⁰ Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

¹¹ Gögn frá leikskólastjóra.

¹² Viðtal við rýnihóp foreldra.

¹³ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Skólabragur og samskipti

Starfsandi og starfsánægja

Stjórnandi og starfsmenn telja að góður starfsandi sé í leikskólanum. Leikskólinn er lítill og því þurfa allir að vinna saman og teysta hver öðrum.¹⁴ Starfsmenn leggja áherslu á að í leikskólanum ríki gleði og starfsánægja og mikið sé lagt upp úr að mætast af virðingu. Einnig nefna þeir jafnræði sem jákvæðan hlut, allir vinna saman, stjórnendur og undirmenn.¹⁵ Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja að góður andi ríki í barnahópnum og andrúmsloftið í leikskólanum hafi batnað frá síðastliðnum vetri.¹⁶ Í vettvangsathugun skynjuðu matsmenn afslappað andrúmsloft, starfsfólk var allan tímann til staðar og virkt í starfi með börnunum bæði úti og inni og hjálpaðist að eftir þörfum. Vinnuskipulagið í leikskólanum er þannig að starfsmenn taka ekki matar- eða kaffitíma og stytta viðveru sína til samræmis við það. Starfsmannahópurinn er lítill og því hefur verið reynt að tengjast starfsfólki grunnskólans.¹⁷ Starfsmenn eru ánægðir með þau verkefni sem þeim er falið að vinna í leikskólanum og telja að reynt sé að nýta menntun þeirra í leikskólanum. Símenntunaráætlun leikskólans byggist á því framboði á fræðsluefni sem Skólaþjónusta RVS býður upp á. Starfsmenn sækja mismunandi námskeið til að fá sem mesta fræðslu inn í leikskólann og nýta fjarskipti til þess að hluta. Auk þess fara allir starfsmenn á árlegt haustþing leikskólakennara á Selfossi. Starfsmenn eru að miklu leyti sáttir við þetta fyrirkomulag.¹⁸

Styrkleikar

- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Góður starfsandi er í leikskólanum.
- Foreldrar telja að starfsandinn í leikskólanum hafi batnað frá síðastliðnum vetri.
- Starfsmenn eru ánægðir með þau verkefni sem þeim er falið að vinna, fræðslutilboð og telja að þeir geti nýtt hæfileika sína og þekkingu.
- Í leikskólanum er gerð símenntunaráætlun sem miðast við þarfir leikskólans og fræðslutilboð sem í boði eru.

Tækifæri til umbóta

- Skoða ætti aðkomu starfsmanna að ákvarðanatöku varðandi fagstarf og rekstur leikskólans.
- Skoða ætti samvinnu stjórnenda og fræðslunefndar.
- Endurskoða þarf skólanámskrá leikskólans með þátttöku starfsmanna, foreldra og barna.
- Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár þarf að fá fram umræðu um hugmyndafræði og áherslur fyrir leikskólann.
- Æskilegt væri að gera skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.
- Mikilvægt er að viðtalda góðu trausti og jákvæðum samskiptum innan starfshópsins.

¹⁴ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihóp starfsmanna.

¹⁵ Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

¹⁶ Rýnihópur foreldra.

¹⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁸ Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Efniviður innanhúss er nokkuð fjölbreyttur og þó hluti hans sé orðinn gamall er hann vel með farinn. Allgott úrval bóka er í leikskólanum en eins og annar efniviður eru bækur að hluta orðnar gamlar og slitnar. Gott úrval spila er í leikskólanum og kubbar af ýmsum gerðum, stórir púðakubbar, litlir tré-kubbar, legókubbar stórir og litlir. Aðgengi barna að þessum efnivið er gott en bækur þyrftu að vera sýnilegri og í barnahæð. Efni til skapandi starfs er í lokuðu rými og ekki aðgengilegt fyrir börnin. Í rýnihópum með starfsfólki og börnum kom fram að þau eru ánægð með þann efnivið sem er í boði í leikskólanum.¹⁹

Starfshættir

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans skiptist dagurinn í frjálsan leik, verkefnavinnu og útvist. Hluti verkefnavinnunnar er samvinna við íþróttahús grunnskólans og tónlistarskóla staðarins. Í skólanámskrá leikskólans er lögð áhersla á mikilvægi leiksins fyrir nám barnsins og í starfi leikskólans er mikil áhersla á frjálsan leik barnanna. Matsmenn urðu vitni að því að starfsmenn eru alltaf til staðar á leiksvæði barnanna, taka þátt í leik þeirra eldri en aðstoða yngstu börnin í leiknum. Starfsmenn sýna börnunum mikla umhyggju, virðingu og styrkja sjálfsbjargarviðleitni þeirra og sjálfstæði vel. Leikskólaráðgjafi frá félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu aðstoðar stjórnendur við sjálfsmat og gerð umbótaáætlunar.²⁰

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá leikskólans kemur ekki fram hvernig vinna má með lýðræði í leikskólanum en í viðtölum við leikskólastjóra, starfsmenn og foreldra kom fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu innbyggð í Grænánaverkefnið þar sem börnin taka þátt í að leggja línur í starfinu í gegn- um umhverfisráð.²¹ Að sögn leikskólastjóra geta börnin haft áhrif á daglegt starf og komið sínum hugmyndum á framfæri og nefndi hann sem dæmi val á útileikföngum.²² Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki og foreldrum taka börnin þátt í að velja myndir sem settar eru á vorsýningu á hverju ári.²³ Í rýnihópi barna kom fram að þau þekkja reglurnar í leikskólanum, það séu góðar reglur en kennararnir búi þær til.²⁴ Í vettvangsat-hugun sást að börnin þekkja og virða reglur í leik og starfi. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra og starfsmenn að engar reglur eru skráðar í leikskólanum en mikið af óskráðum reglum.

¹⁹ Viðtöl við rýnihópa starfsmanna og barna.

²⁰ Viðtöl við leikskólastjóra og formann fræðslunefndar.

²¹ Viðtöl við leikskólastjóra og rýnihópa starfsmanna og foreldra.

²² Viðtal við leikskólastjóra.

²³ Viðtöl við rýnihópa starfsmanna og foreldra.

²⁴ Viðtal við rýnihóp barna.

Námssvið

Í námskrá leikskólans er fjallað um hvernig vinna skal með námssvið leikskólans.²⁵ Unnið er með sjálfbærni og vísindi í tengslum við grænánaverkefnið, flokkað, rannsakað og skráð. Skráning frá þessu verkefni var ekki sýnileg í leikskólanum. Í starfsáætlun leikskólans kemur fram að markmið vetrarins í umhverfismálum verður áfram endurvinnsla. Í starfsáætluninni kemur einnig fram að næsta viðfangsefni fyrir Skóla á grænni grein verður að kynna nánasta umhverfi á sem fjölbreyttastan hátt.²⁶ Á veggjum leikskólans var lítið sýnilegt um skapandi starf eða vinnu með læsi. Í vettvangsathugun matsmanna sáu þeir vinnu með tölustafi og talnagildi og lestur í samverustund. Í viðtali við rýnihóp foreldra kom fram að þeir vilja sjá meiri vinnu með skapandi starf, lestur bóka og söng með börnunum.²⁷ Einnig kom fram í rýnihópi starfsmanna að faglegt starf mætti vera meira.²⁸ Í starfsáætlun leikskólans eru sett markmið um málrækt og talað um áframhaldandi vinnu með Sögugrunninn sem er námstæki til sögugerðar. Auk þess verði unnið með framburðar- og máhljóðanámssefnið Leikum og lærum með hljóðin.²⁹

Velferð og líðan barna

Í skólanámskrá leikskólans er talað um að barnið sé í brennidepli og gengið út frá þroska þess og þörfum og miklu máli skipti að starfsfólk sýni börnunum og leik þeirra stuðning, virðingu og umhyggju-semi. Börnin þurfi á góðum leikskilyrðum að halda s.s. nægum samfelldum tíma, rými og viðeigandi leikbúnaði og öðrum efnivið til leikja.³⁰ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir leggja áherslu á að sýna kurteisni og vera góðir við börnin og hver við annan í samskiptum.³¹ Börn í rýnihópi segja að það sé gott að vera í leikskólanum og nefndu nokkra þætti sem standa upp úr sem skemmtilegir: að leika á dýnum, nota bílatjaldið, pley mó, hjóla og fara út í Grænaskóg. Græniskógur er lítill skógarlundur á lóð leikskólans. Þau segjast ráða sjálf við hvern þau leika og telja að nóg sé af dóti í leikskólanum. Skiptar skoðanir voru í hópnum hversu gott væri að fara í hvíld, t.d. geta ekki allir sofnað í hvíldinni.³²

Í vettvangsathugun sáu matsmenn glöð og athafnasöm börn sem gátu valið sér verkefni og fengu til þess stuðning starfsmanna. Góð samskipti voru í barnahópnum.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og HLJÓM 2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Skráning í Heilsubók barnsins er gerð fyrir öll börnin. Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði heilsuleikskóla og segir til um hvort settum markmiðum heilsustefnunnar er náð. Í þá bók eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið svo sem hæð og þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring og svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni, gróf- og fínhyrfigeta og þróun myndsköpunar.³³

²⁵ Námskrá leikskólans.

²⁶ Starfsáætlun leikskólans.

²⁷ Viðtal við rýnihóp foreldra.

²⁸ Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

²⁹ Starfsáætlun leikskólans.

³⁰ Námskrá leikskólans.

³¹ Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

³² Viðtal við rýnihóp barna.

³³ Heilsubók barnsins.

Styrkleikar

- Starfsmenn sýna börnum umhyggju og virðingu.
- Starfsmenn eru alltaf til staðar í leik barnanna.
- Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði barnanna og sjálfsbjargarviðleitni.
- Leitast er við að styrkja lýðræði í gegnum vinnu með Grænfánann.
- Skipulega er fylgst með námi og þroska barnanna.
- Góð umgengni er um leikföng og bækur leikskólans.
- Börnunum í leikskólanum líður vel og samskiptin eru góð.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða ætti dagskipulag leikskólans og auka vægi skipulags starfs út frá námssviðum leikskólans.
- Skoða ætti þátt skapandi starfs í leikskólanum og auka aðgengi barna að efnivið fyrir skapandi starf.
- Leggja áherslu á söng, þulur og sögur og auka sýnileika og vinnu með ritmálið.
- Gagnlegt væri að yfirfara efnivið leikskólans og leita leiða til að bæta aðgengi barna að skapandi efniviði.
- Æskilegt er að huga að útfærslu á hvíldarstundum barnanna með tilliti þarfa til þeirra elstu.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og kosið í það á foreldrafundi að hausti. Upplýsingar um fulltrúa í foreldraráði eru á heimasíðu leikskólans og þar eru einnig starfsreglur ráðsins en ekki starfsáætlun þess eða fundargerðir. Í viðtali við rýnihóp foreldra kom fram að foreldraráðsfulltrúi þar kannaðist ekki við starfsreglur ráðsins þegar matið fór fram. Ekki er starfandi foreldrafélag.

Viðhorf foreldra

Foreldrakönnun er gerð í gegn um Skólapúlsinn. Þátttaka í könnun vorið 2014 var 86%. Niðurstöður sýndu að ánægja var með flesta þætti skólastarfsins. Ánægja foreldra með Grænfánaverkefnið náði viðmiðum en heilsustefnan var undir viðmiðum. Tillit var tekið til neikvæðra niðurstaðna í úrbótaáætlun. Þættir sem þarfnast umbóta eru að bæta þurfi upplýsingagjöf, skipulag foreldraviðtala og foreldrafunda og fara yfir vinnulag við aðlögun barna.³⁴ Í rýnihópi foreldra kom fram að bæta þurfi upplýsingaflæði til foreldra, upplýsingar komi stundum of seint og tímasetningar standist ekki alltaf.³⁵ Í viðtali við formann fræðslunefndar Skaftárhrepps kom fram að kvartað er undan lélegu upplýsingaflæði til foreldra og þörf sé á að skoða hvernig hægt er að bæta úr því og sjá til þess að þær upplýsingar sem leikskólinn setur fram komist til skila til foreldra.³⁶

³⁴ Starfsáætlun leikskólans.

³⁵ Viðtal við rýnihóp foreldra.

³⁶ Viðtal við formann fræðslunefndar.

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskóla og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Tónlistarkennari kemur einu sinni í viku í leikskólann. Leikskólabörnin fara vikulega í íþróttahúsið með íþróttakennara og eftir áramót fara elstu börnin einu sinni í viku í grunnskólann og taka þá þátt í kennslustundum. Yngsta stigi grunnskólans er boðið einu sinni að vetri til að taka þátt í að vinna á skapandi hátt úr verðlausu efni í leikskólanum, sama dag er farið í ýmsa hreyfileiki enda yfirskrift þessa dags, sköpun og hreyfing. Nemendum í 1. og 10. bekk er boðið á vorvinnudag í leikskólanum. Eldri grunnskólabörnin taka þátt í vinnunni en yngri grunnskólabörnin leika við börnin í leikskólanum. Börn úr grunnskólanum sem fá frí í leikfimi koma gangandi í leikskólann og fá staðfestingu frá leikskólastjóra. Leikskólabörn taka þátt í skemmtiatriðum á árshátíð grunnskólans. Síðastliðinn vetur komu danskennari og leiklistarkennari í grunnskólann, eina viku hvor, og fengu leikskólabörnin að taka þátt með grunnskólabörnunum. Leikskólastjórinn og grunnskólastjórinn bera ábyrgð á samstarfinu.³⁷ Ekki er til skrifleg áætlun um þessa vinnu og ekki fer fram mat á samstarfinu.

Annað samstarf

Leikskólinn er í reglulegu samstarfi við Klausturhóla sem er elliheimili á staðnum. Börnin fara þangað í heimsókn vikulega og spila við heimilismenn. Á degi leikskólans er sett upp myndlistarsýning barnanna á stofnun eða fyrirtæki á staðnum. Jafnframt því fá börnin að kynna viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Leikskólinn er í samstarfi við bókasafn sveitarfélagsins og hótelið býður þeim í mat einu sinni á ári. Prestur sóknarinnar kemur hálfsmánaðarlega í heimsókn í leikskólann.³⁸

Styrkleikar

- Foreldrar eru ánægðir með flesta þætti skólastarfsins.
- Brugðist er við niðurstöðum úr könnunum með umbótaáætlun.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunn- og tónlistarskólann.
- Leikskólinn nýtir umhverfi sitt og er í góðum tengslum við stofnanir og fyrirtæki á staðnum.

Tækifæri til umbóta

- Fylgja eftir áætlun um umbætur í upplýsingagjöf til foreldra.
- Gera þarf aðlögunaráætlun vegna nýrra barna.
- Gera ætti skriflegan samning um samstarf skólastiganna og meta árlega.
- Leikskólinn og foreldraráð þurfa að fara sameiginlega yfir starfsreglur foreldraráðs og hlutverk.

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Leikskólinn Kæríbær nýtur þjónustu frá félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu sem staðsett er á Hvolsvelli. Þar starfa kennsluráðgjafi grunnskóla, leikskólaráðgjafi, sálfræðingur og talmeinafræðingur og getur leikskólastjóri leitað til þeirra varðandi greiningu og stuðning. Þjónustan var kynnt fyrir foreldrum á foreldrafundi s.l. haust og upplýsingabæklingar um þjónustuna liggja frami í

³⁷ Úr viðtali við leikskólastjóra, rýnihóp starfsmanna og rýnihóp foreldra.

³⁸ Starfsáætlun leikskólans, viðtöl við leikskólastjóra og rýnihópa starfsmanna og foreldra.

leikskólanum. Leikskólastjóri og starfsmenn eru ánægðir með þessa þjónustu.³⁹ Talmeinafræðingur kemur vikulega til að vinna með þeim börnum sem þess þarfnast. Leikskólinn hefur ekki sett sér stefnu um framkvæmd stuðnings og sérkennslu en að sögn leikskólastjóra og starfsmanna fer stuðningur og sérkennsla ýmist fram einstaklingslega eða í barnahópnum. Ekki eru til verkferlar varandi sérkennslu, áður en greining fer fram og eftir að greining er fengin.⁴⁰ Sérfræðingar ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra gera einstaklingsáætlun fyrir börn sem njóta sérkennslu og sjá einnig um endurskoðun á henni. Teymi er myndað í kringum mál hvers barns sem samanstendur af sérfræðingi, leikskólastjóra, deildarstjóra og foreldrum.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans er ekki talað um hvernig leikskólinn eigi að vinna með börn innflytjenda, menningu þeirra, tungumál og íslenskukennslu. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og starfsmönnum er barn sem á annað móðurmál í málörvunarhópi og með hjálp foreldra er reynt að nálgast móðurmál þess, m.a. með því að þýða einfalda söngtexta á móðurmál barnsins. Áherslan í leikskólanum er fyrst og fremst að kenna barninu íslensku og að það læri móðurmálið heima hjá foreldrunum.⁴¹

Styrkleikar

- Leikskólinn notar viðurkenndar aðferðir til að fylgjast með framförum barna.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn sem þurfa stuðning eða sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að leikskólinn setti sér skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Leikskólastjóri og deildarstjóri bera ábyrgð á framkvæmd innra mats. Leikskólinn hefur gert langtímaáætlun um innra mat, gerð er sjálfsmatsskýrsla þar sem fram koma niðurstöður úr foreldrakönnun Skólaláupsins og sett fram umbótaáætlun.⁴²

³⁹ Viðtöl við leikskólastjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁴⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴¹ Viðtöl við leikskólastjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁴² Gögn frá leikskólastjóra og viðtal við leikskólastjóra.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Notast er við ECCERS matskvarða á þriggja ára fresti til að meta starfshætti kennara og starfsmenna. Foreldrar koma að mati í gegnum kannanir s.s. Skólapúlsinn og tekin eru viðtöl við börnin til að fá fram þeirra mat.⁴³ Ekki eru gerðar uppeldislegar skráningar í leikskólanum.

Opinber birting og umbætur

Ekki fer fram formleg kynning á niðurstöðum en þær eru sendar formanni fræðslunefndar, formanni foreldraráðs og sveitarstjóra.⁴⁴ Dæmi um úrbætur í kjölfar mats nefnir leikskólastjóri lagfæringu á úti-leiksvæði barnanna.⁴⁵

Styrkleikar

- Börn og foreldrar koma að innra mati.
- Notað er viðurkennt matstæki við mat á starfsháttum í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti áætlun um hvernig meta á árangur af umbótum í kjölfar innra mats.
- Æskilegt er að styrkja þekkingu starfsmanna við innra mat og fjölga leiðum í innra mati.

⁴³ Viðtöl við leikskólastjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁴⁴ Gögn frá leikskólastjóra, viðtöl við leikskólastjóra og formann fræðslunefndar.

⁴⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- $A > 3,6 - 4 =$ grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- $B > 2,6 - 3,5 =$ ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verlag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $C > 1,6 - 2,5 =$ gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verlag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $D > 1,0 - 1,5 =$ rautt = Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verlag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun		Uppeldis- og menntastarf		Leikskólabragur		Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklags reglur	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Uppeldi, menntun og starfshættir	Viðmót og menning	Velferð og líðan barna	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og faglegur rekstur	Faglegt samstarf	Leikur og nám lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Námssvið leikskólans	Hlutverk leikskólakennara	Fagmennska starfsfólks	Viðhorf foreldra	Opinber birting og umbætur
Leikskóla-þróun og símenntun		Leikskóli án aðgreiningar	Mat á námi og velferð barna	Starfsánægja			Gagnasöfnun og vinnubrögð

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Kærabæjar: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna og gildi skólans endurspeglast vel í starfinu með börnunum.
- Útileiksvæði gefur möguleika á fjölbreyttum leikjum og athöfnum.
- Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Góður starfsandi er í leikskólanum.
- Foreldrar telja að starfsandinn í leikskólanum hafi batnað frá síðastliðnum vetri.
- Starfsmenn eru ánægðir með þau verkefni sem þeim er falið að vinna, einnig fræðslutilboð og telja að þeir geti nýtt hæfileika sína og þekkingu.
- Í leikskólanum er gerð símenntunaráætlun sem miðast við þarfir leikskólans og fræðslutilboð sem í boði eru.
- Starfsmenn sýna börnum umhyggju og virðingu.
- Starfsmenn eru alltaf til staðar í leik barnanna.
- Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði barnanna og sjálfsbjargarviðleitni.
- Leitast er við að styrkja lýðræði í gegn um vinnu með Grænfánann.
- Skipulega er fylgst með námi og þroska barnanna.
- Góð umgengni er um leikföng og bækur leikskólans.
- Börnunum í leikskólanum líður vel og samskiptin eru góð.
- Foreldrar eru ánægðir með flesta þætti skólastarfsins.
- Brugðist er við niðurstöðum úr könnunum með umbótaáætlun.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunn- og tónlistarskólann.
- Leikskólinn nýtir umhverfi sitt og er í góðum tengslum við stofnanir og fyrirtæki á staðnum.
- Leikskólinn notar viðurkenndar aðferðir til að fylgjast með framförum barna.
- Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn sem þurfa stuðning eða sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.
- Börn og foreldrar koma að innra mati.
- Notað er viðurkennt matstæki við mat á starfsháttum í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Skoða ætti hvort hægt er að breyta skipulagi á nýtingu húsnæðisins.
- Æskilegt væri að girða af útileiksvæðið við framhlið leikskólans til að auka öryggi barna á leiksvæðinu.
- Skoða ætti aðkomu starfsmanna að ákvarðanatöku varðandi fagstarf og rekstur leikskólans.
- Skoða ætti samvinnu stjórnenda og fræðslunefndar.
- Endurskoða þarf skólanámskrá leikskólans með þátttöku starfsmanna, foreldra og barna.
- Í tengslum við endurskoðun skólanámskrár þarf að fá fram umræðu um hugmyndafræði og áherslur fyrir leikskólann.
- Æskilegt væri að gera skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann.
- Mikilvægt er að viðhalda góðu trausti og jákvæðum samskiptum innan starfshópsins.
- Endurskoða ætti dagskipulag leikskólans og auka vægi skipulags starfs út frá námssviðum leikskólans.
- Skoða ætti þátt skapandi starfs í leikskólanum og auka aðgengi barna að efnivið fyrir skapandi starf.
- Leggja áherslu á söng, þulur og sögur og auka sýnileika og vinnu með ritmálið.
- Gagnlegt væri að yfirfara efnivið leikskólans og leita leiða til að bæta aðgengi barna að skapandi efniviði.
- Æskilegt er að huga að útfærslu á hvíldarstundum barnanna með tilliti til þarfa elstu barnanna.
- Fylgja eftir áætlun um umbætur í upplýsingagjöf til foreldra.
- Gera þarf aðlögunaráætlun vegna nýrra barna.
- Gera ætti skriflegan samning um samstarf skólastiganna og meta árlega.
- Leikskólinn og foreldraráð þurfa að fara sameiginlega yfir starfsreglur foreldraráðs og hlutverk.
- Æskilegt væri að leikskólinn setti sér skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.
- Gera ætti áætlun um hvernig meta á árangur af umbótum í kjölfar innra mats.
- Æskilegt er að styrkja þekkingu starfsmanna við innra mat og fjölga þar leiðum.

Lokaorð

Leikskólinn Kæribær er Heilsuleikskóli og Grænfánaleikskóli og í vettvangsathugun og viðtölum kom í ljós að starfið samræmist þessum hugmyndum. Leikskólinn er í umhverfi sem er ríkt af tækifærum til vettvangsferða og útináms og er það vel nýtt í starfi hans. Börnin í leikskólanum eru ánægð, þeim líður vel og þau fá tækifæri til að reyna á færni sína til að bjarga sér sjálf sem mest. Starfið í leikskólanum einkennist af umhyggju og virðingu og starfsfólk er alltaf til staðar fyrir börnin og tekur þátt í leikjum þeirra. Foreldrar eru ánægðir með líðan barna í leikskólanum en bæta mætti upplýsingaflæði milli leikskóla og foreldra. Einnig þarf leikskólinn að endurskoða dagskipulagið og faglegt starf í samræmi við áherslur í aðalnámskrá leikskóla um læsi og skapandi starf. Samstarf leikskóla við grunn- og tónlistarskóla er gott og einnig samskipti leikskólans við stofnanir og fyrirtæki á staðnum. Starfsmenn eru ánægðir með starfsandann í leikskólanum og þau tækifæri sem þeim gefast í starfi.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Vefslóð <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>. (Sótt á vef 7. september 2015)

Heilsustefnan. Vefslóð <http://heilsustefnan.is/um/heilsubok-barnsins/>. (Sótt á vef 11. september 2015)

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Skólanámskrá Kærabæjar. Vefslóð <http://www.leikskolinn.is/kaeribaer/skjalasafn/kaeribaer67.pdf>. (Sótt á vef 7. september 2015)

Viðtal við formann fræðslunefndar Skaftárhrepps.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Vefslóð <http://vefur.skolamal.is/index.php/log-og-reglugerdir/>. (Sótt á vef 13. september 2015)

